

## **Frumvarp að fjárhagsáætlun 2008**

**Fyrri umræða 13. desember 2007**

**Helga Jónsdóttir bæjarstjóri**

Herra forseti, ágætu bæjarfulltrúar

Ég mæli hér fyrir frumvarpi að fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar fyrir árið 2008. Hún ber með sér nýja tíma bæði í formi og efni. Ég vík fyrst að forminu.

Undirbúningur stefnumörkunar í byggðarlaginu, sem nú er sameinað undir heiti Fjarðabyggðar, hefur verið ofarlega á baugi allt árið. Mjög margar ákvarðanir þarf að taka á næstu árum til að nýta staðarkosti sem best og stuðla að uppbyggingu og þjónustu með hagkvæmum hætti. Greina þarf allar forsendur ákvarðana vel og geta borið þá kosti saman sem til álita koma hverju sinni. Það mun aldrei verða svo að við getum gert allt sem hugur okkar stendur til – forgangsroðun verkefna milli ára og innan ára verður hins vegar miklu minna vandasöm ef fyrir liggur góð greining á valkostum.

Nýtt aðalskipulag er liður í slíkum vinnubrögðum. Nýverið fengum við í hendur greinargerð aðalskipulagsráðgjafans, Alta, um forsendur, framtíðarsýn og meginstefnu. Mikil vinna hefur verið lögð í að kortleggja aðstæður, greina þróun á einstökum sviðum og leiða fram möguleika til framtíðar undir kjörorðinu „**Fjarðabyggð – góður staður til framtíðar.**” Ég hvet alla bæjarfulltrúa til að kynna sér greinargerðina vel og koma með ábendingar, ef einhverjar eru. Greinargerðin er líka aðgengileg íbúum á netinu, þannig að þeir eiga kost á að gera athugasemdir. Þá verða íbúafundir um aðalskipulagið í öllum þéttbýliskjörnunum í janúar og febrúar þar sem leitað verður samstarfs og samráðs við íbúa um verkefnið.

Á árinu hefur líka verið lögð góð undirstaða að stefnumiðaðri stjórnun í öllum málaflokkum. Heildarstefnukort hefur verið samþykkt í bæjarstjórn. Þar er kjörorðinu „Þú ert á góðum stað” gefið efnislegt inntak. Stjórnendur bæjarins, nefndir og ráð, haf lagt mat á það hvað felst í þessari yfirlýsingu, hvað þarf að gera til að við stöndum undir því nafni að vera fjölskylduvænt samfélag, gott, traust og öruggt. Hvernig stöndum við vörð um kjöraðstæður til útivistar og öflugt og fjölbreytt atvinnulíf? Hvað þurfum við að gera til að hér megi með sanni segja að úrvals tækifæri séu til menntunar og tómstunda og íþróttaiðkunar? Hvernig veitum við framúrskarandi þjónustu? Hvað þarf til að fjármálastýring sé markviss, hvernig eflum við kostnaðarvitund? Hvað þarf til að starfsumhverfi sé jákvætt, jafnræði og jafnrétti haft í hávegum og þekking og frumkvæði fái notið sín? Bæjarfélagið getur gert mikið til að bæta ásýnd og umhverfi en til þess þarf ekki síst að virkja kraft íbúa, fyrirtækja og félagasamtaka. Hvernig förum við að því?

Viðfangsefni okkar á næsta ári felast ekki síst í því að greina hvað þarf að gera í hverjum málaflokki og hjá hverjum einstökum starfsmanni til að þessi markmið séu ekki bóla á stefnukorti heldur raunveruleg viðfangsefni nefndanna okkar og starfsfólksins okkar. Starfsmenn og stjórnmaðlamenn

skynji sig sem hluta af heild sem vinnur að skýrum verkefnum til að yfirskriftin „Þú ert á góðum stað“ sé sem sönnust í hugum íbúanna og gesta sem okkur sækja heim. Við þurfum að greina ýmsar upplýsingar betur en gert hefur verið, kortleggja þróunina í atvinnugreinunum hjá okkur, mannfjöldanum, skólunum, öldrunarþjónustunni o.s.frv. til þess að gera framtíðaráætlanir og einstakar ákvarðanir markvissari.

Vinnubrögð við fjárhagsáætlun og framsetning hennar hafa breyst. Starfshópur vann að endurskoðun verklagsins og skilaði niðurstöðum í haust. Í samræmi við tillögur hópsins eru fjárhagsáætlanir Fjarðabyggðar nú rammafjárhagsáætlanir byggðar á eftirfarandi markmiðum:

- Að áætlun um rekstrarútgjöld bæjarins grundvallist á fyrirsjáanlegum tekjum.
- Að ábyrgð og ákvarðanir séu eins nálægt notendum þjónustu og við verður komið.
- Að ábyrgðarmörk séu skýr.
- Að stjórnendur hafi athafnafrelsi í rekstri.

Starfshópurinn skilgreindi hlutverk og ábyrgð í fjárhagsáætlunarferlinu og vann reiknilíkan til úthlutunar fjárheimilda. Gerðar verða starfsáætlanir í hverjum málaflökki, þar sem stefnu- og skorkort eru lögð til grundvallar. Leikreglur þar sem gerð er nánari grein fyrir ýmsum mikilvægum þáttum s.s. bundnum og óbundnum kostnaðarstöðum, reglum um rekstur fasteigna, starfsmannamálum, gjaldskrármálum og færslu fjárveitinga milli ára voru hluti skýrslu starfshópsins.

Bæjarráð samþykkti tillögur og skýrslu starfshópsins í byrjun október og reynir nú í fyrsta skipti á nýtt verklag. Reynslan verður nýtt til að slípa ferlið og sníða af því vankanta sem í ljós koma við fyrstu reynsluna af því. Mér finnst það hrósvert hversu reiðubúnir allir hafa verið til að tileinka sér þessi nýju vinnubrögð og leggja fram mikla vinnu í fjárhagsáætlunargerðinni. Einstök ráð hafa unnið að forgangsröðun og starfsáætlunum sem gerð verður grein fyrir hér á eftir. Allt markast þetta þessu sinni af því að við erum að stíga byrjunarskref, við erum að prufukeyra nýjar hugmyndir og við erum ekki búin að ljúka þeirri stefnumörkunarvinnu í málaflökkinum sem verður betri undirstaða til framtíðar. En það er mikið til í því sem oft er sagt: „Hálfnað er verk þá hafið er“ og við erum svo sannarlega byrjuð.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka sérstaklega þeim sem lagt hafa af mörkum við þessa nýsköpun í vinnubrögðum – þar á ég við marga m.a. þá sem sátu í starfshópnum, einstakar nefndir og ráð og starfsmenn sem unnu starfsáætlanir í fyrsta skipti og sviðsstjórahópin sem er einskonar stýrihópur í endurskipulagningu vinnubragða. Ég vil semsagt fá að þakka öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóg en sérstaklega verð ég að nefna bæjarráðið, fulltrúa umhverfissviðs sem vinna að framkvæmdum og tillögum um forgangsröðun þeirra og fjármálastjóranum okkar honum Páli Björgvini Guðmundssyni. Hann hefur verið vakinn og sofinn yfir þessu viðfangsefni og lagt í það mikla alúð og orku.

Stjórnkerfið og stjórnskipulagið hefur líka verið til skoðunar í ljósi nýrra áherslna og möguleika til frekari sérhæfingar og skilgreindari þjónustu í kjölfar sameiningar. Þar liggja nú fyrir tillögur sem fela í sér faglega sérhæfingu í einstökum málaflökum og faglegan stuðning og stefnumörkun í fjármálum, mannauðsmálum og stjórnsýslu. Tillögurnar sem vonandi verða afgreiddar á næsta fundi bæjarstjórnar fela líka í sér samræmi milli nefndakerfisins og stjórnsýslunnar, þ.e. að hverri nefnd sinni stjórnandi sem heyrir beint undir bæjarstjóra.

Í nýju stjórnskipulagi mun starfsmönnum gefast kostur á starfsþróun og að takast á við verkefni undir nýjum formerkjum. Gera þarf innleiðingaráætlun þar sem skilgreint er hvaða skref verða tekin á hverjum tíma. Fyrst verður að ráða einstaklinga í stjórnunarstörfin beint undir bæjarstjóra og síðan koll af kalli. Ég legg áherslu á að enginn starfsmaður á að óttast atvinnumissi í stjórnkerfisbreytingum. Hins vegar verða menn að vera undir það búnir að verkefni og verklag í einstökum störfum geti breyst eins og stjórnunarheimildir vinnuveitanda standa til. Ég trúi því og treysti að starfsmenn taki fúslega þátt í þeim breytingum sem framundan eru. Í þeim mun ábyrgð á hverju verkefni bæjarfélagsins verða skilgreind og þess gætt að engin verkefni verði „munadarlaus“. Starfsmenn stjórnsýslunnar munu allir eiga kost á þjálfun og fræðslu til þess að takast á við

breytingarnar. Hið sama á við um ykkur stjórnámálamennina – hluti af innleiðingaráætluninni mun lúta að fræðslu bæjarfulltrúa. Leitað verður upplýsinga hjá ykkur um hvernig þið viljið forgangsraða í því efni. Ég tel mikilvægt að stjórnámálamaður og stjórnendur vinni saman og að stjórnendur vinni vel með sínum samstarfsmönnum og upplýsi þá um stefnur og strauma.

Það er oft vitnað í Lísu í Undralandi, sem sagði: „Ef þú veist ekki hvert þú ert að fara skiptir engu máli hvaða leið þú velur“. Þetta eru mikil spakmæli – við þurfum öll, hvert og eitt okkar, að vita hvert við stefnum, hvert við erum að fara. Þá vitum við líka hvað leið við eigum að fara og getum valið skrefin hverju sinni af kostgæfni. Heildarstefnukortið og stefnukort einstakra málaflokka vísa veginn, en við þurfum að færa skrefin sem við tökum inn í starfsáætlunina, og hafa skorkort til þess að mæla hvort við erum að ná þeim markmiðum og þeim árangri sem að er stefnt.

Ég leyfi mér að fullyrða að með vinnu þessa árs er búið að leggja grunn að verklagi sem getur nýst Fjarðabyggð til stefnumarkaðra og markvissra vinnubragða og þar með aukinnar hagkvæmni í rekstri. Á næsta ári tel ég að við eigum líka að leita leiða til að gefa bæjarbúum sem bestan og greiðastan aðgang að upplýsingum, bæði um þær ákvarðanir sem teknar eru, undirbúning þeirra og stefnumið til lengri framtíðar. Stjórnsýslan á að vera gegnsæ. Við megum aldrei gleyma því í hvers umboði við bæjarstarfsmenn vinnum og að við eigum að standa bæjarbúum og kjörnum fulltrúum þeirra skil á þjónustu og verkum.

Forseti, bæjarfulltrúar

Ég hef varið nokkrum tíma í að tala um form, tæki og tól sem gera okkur kleift að setja markmið, forgangsraða verkefnum og skipta ábyrgð á framkvæmd með skýrum og gegnsæjum hætti. Þessi tæki eru öll mikilvæg til að tækifærin í þeirri nýju framtíð, sem bíður okkar, nýtist. Ný tækifæri felast ekki síst í því að starfsemi Alcoa Fjarðaáls fer á fullan skrið og nýja höfnin okkar við Mjóeyrina kemst í not. Byggingaframkvæmdum við álverksmiðjuna er að ljúka og mikill fjöldi fólks er að yfirgefa okkur. Það koma hingað til að leggja okkur lið í uppbyggingunni og settist að um skamma hríð. Við stöndum í þakkarskuld við þetta fólk, án þess hefði þessi mikla uppbygging ekki getað orðið að veruleika. Starfsmenn Bechtel og Alcoa Construction sem nú kveðja hafa verið aúfúsugestir og hafa lagt margt jákvætt af mörkum. Meðal annars verður mikil eftirsjá í mökunum sem hér hafa sinnt sjálfbodastarfi í skólum og víðar – kennt börnunum ýmislegt um fjarlæg lönd og aðrar þjóðir og auknið vísýni þeirra og skilning. Fyrir það ber að þakka.

En það er líka gleðiefni að heyra á fólki sem kveður að því hefur fundist það á góðum stað, finnst það hafa mætt hlýju og góðum móttökum. Eins og sagði í tölvupósti sem ég fékk í vikunni: *“I would also like to express my appreciation for how the people here made our stay easy with their kindness and friendship. Whether it be at the playschool, at the swimming pool, at the pharmacy, at the grocery store, at the ski hill, at the bank, at the post office or out on the street, we found the people here, although reserved, very friendly. We very much enjoyed our 14 months in Iceland and it is with sadness that we leave the Project and Fjardabyggd. This whole experience has set our standards for a future international assignment very high, we already know that this experience was very unique in many ways, certainly a once in a lifetime.”* Svona vitnisburður er ekki lítils virði – til framtíðar lítur þessi kona á Fjarðabyggð sem það viðmið sem hún mun mæla framtíðardvalarstaði við.

Hlutverk okkar núna er að skynja tækifærin sem fylgja nýjum akkerum í atvinnulífinu. Það er ekki bara nýr 400 manna vinnustaður, 2 til 300 afleidd störf eða eftirspurn eftir nýrri þjónustu sem hér skapa tækifæri. Sú deigla sem hér verður þegar saman koma gamlir og nýir íbúar, eldri og yngri, innlendir og erlendir, hlýtur að leiða af sér alls konar skapandi hugsun. Mikilvægt er að hugsuninum fylgi framkvæmd og að við nýtum tiltæk úrræði til að styrkja vaxtarbrodda og hlúa að því sem getur orðið. Flestu öðru mikilvægara held ég að það sé að glata ekki sérkennum staðanna. Fólk er stolt af náttúrufegurð og notalegu umhverfi. Nú þegar um hægist finnst mér mikilvægt að standa vörð um mannlífið, forðast stress og reyna ekki að apa eftir öðrum – heldur nýta sérstöðu okkar. Ég veit að starfshópurinn sem vinnur að stefnumörkun í ferðaþjónustu leggur áherslu á að hér megi dveljast í ró og næði og njóta þess sem Fjarðabyggð hefur upp á að bjóða en ekki endilega keppa að því að koma á

fót sams konar þjónustu og finna má í stórbæjum og borgum. Við skulum vera minnug þess að í nýlegri könnun meðal barna kom í ljós að á landsbyggðinni eru börn áberandi stoltari af umhverfi sínu og uppruna og hafa meiri staðarkennd en í þéttbýlinu á höfuðborgarsvæðinu. Það hlýtur að vera keppikefli er að þessar tilfinningar varðveitist fram á fullorðinsár og æviskeiðið allt.

Grunnþjónustan í Fjarðabyggð er um margt mjög góð. Við höfum byggt upp mannvirki og umgjörð um ýmiss konar þjónustu sem mikilvægt er að nýtist sem flestum sem best. Á næstu misserum verður að horfa til nýtingar mannvirkjana, þjónustu og árangurs af þeirri uppbyggingu sem lagt hefur verið í. Auk þess verður að styrkja og samhæfa úrræði í tómsundastarfi, skólum og leikskólum, efla menntasamfélagið á framhalds- og háskólastigi og huga að þjónustu við aldraða þannig að þeir geti átt öruggt og gott ævikvöld. Árangur felst ekki í uppbyggingunni sem slíkri heldur hvernig hún nýtist þeim sem hún á að þjóna.

Ég gæti talað lengi um verkefni og tækifærin framundan. En við verðum líka að vera þess minnug að þau eru ekki sjálfgefin. Umfram allt erum við okkar gæfusmiðir. En við njótum líka afraksturs kynslóðanna á undan og í okkar hlut fellur að fylgja eftir tækifærum sem forverar okkar, og sum ykkar, hafa lagt ómælt til að fá inn í byggðarlagið. Því má ekki gleyma að virkjunin við Kárahnjúka og bygging álverksmiðju hér á Reyðarfirði er viðfangsefni þar sem margir hafa lagt mikið undir. Markmið ríkisins var, eins og við vitum öll, að stuðla að búferlaflutningum inn í landshlutann, fjölga tækifærum þeirra sem hér búa og renna stoðum undir fjölbreytta íbúasamsetningu og atvinnumarkað. Með því er leitast við að styrkja mótvægið við höfuðborgarsvæðið og treysta búsetu í þessum landsfjórðungi.

Ef við erum í senn áræðin og skynsöm, forgangsroðum rétt og leyfum því besta í mannlífínu að blómstra, er ég viss um að til langrar framtíðar getur Fjarðabyggð verið meðal bestu búsetukosta á landinu og þar með talið um veröld víða. Samkvæmt nýjustu skýrslu UNDP, þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, eru lífsskilyrði í heildina talið hvergi betri en hér á landi. Það má velta því fyrir sér, hvort við stöldrum nægilega oft við og þökkum fyrir það sem okkur er gefið - hér á landi og nú á tímum. Þessar mælingar þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna á „vísitölu lífsgæða” „Human Development Index”, taka til þátta eins og heilsufars, langlífis, menntunar, jafnréttis, umhverfis, félagslegs öryggis og fleira. Það eru ekkert margir mannsaldrar síðan hátt hlutfall þjóðarinnar, 12-14 þúsund Íslendingar, flýðu vestur um haf til að leita nýs lífs, því hér á landi var enga framtíð að hafa. Enn er það þannig að fjöldinn allur af fólki í veröldinni býr við slík kjör og jafnvel langtum verri en forfeður okkar gerðu áratugin kringum aldamótin 18 og 1900.

Frumvarp að fjárhagsáætlun næsta árs er varfærið en við stöndum vörð um fyrirheitið í stefnukortinu í þeim mæli sem unnt er. Staðreyndin er sú að við eigum lítið handbært fé á næsta ári, það munar mikið um tekjufallið sem verður við brottflutning íbúa úr Haga og auðvitað segir niðurskurður í aflaheimildum líka illilega til sín. Þótt framkvæmdir liðinna ára geri það að verkum að fremur þröngt er í búi í bili, megum við ekki gleyma því að mannvirkin munu endast í áratugi og þau geta þjónað mun fleiri íbúum en hér eru nú. Við megum hvergi hvika í að takast á við áframhaldandi umhverfisbætur, frágang nýrra hverfa og ekki síður að gera gömlu hverfunum til góða og fegra ásýnd allra byggðakjarnanna. Til þess verður varið umtalsverðum fjármunum á nýju ári eins og þessu bæði af hálfu bæjarins og ekki síður af hálfu Fjarðabyggðarhafna. Útgjöld á næsta ári eiga að leggja frekari grunn að því sem til hefur verið stofnað á liðnum árum.

Forseti

Ég vík nú að helstu forsendum í tekjuáætlun og breytingum á rekstrarútgjöldum frá grunni yfirstandandi árs. Vek ég jafnframt athygli bæjarfulltrúa á að dreift hefur verið eftirfarandi gögnum: (1) Forsendur og helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2008, (2) rekstraryfirlit samstæðu Fjarðabyggðar A- og B-hluti, (3) rekstrarreikningur, efnahagsreikningur og sjóðstreymi A-hluta, (4) rekstrarreikningur, efnahagsreikningur og sjóðstreymi A- og B-hluta, (5) starfsáætlun Fjarðabyggðar fyrir árið 2008 og (6) áætlaðar fjárfestingar á árinu 2008.

## Tekjur

Eins og fram kemur á yfirlitsblaðinu „Forsendur fjárhagsáætlunar“ sem dreift hefur verið til bæjarfulltrúa er gert ráð fyrir því að útsvarstekjur á árinu 2008 lækki töluvert þar sem útsvarstekna vegna starfsmannþorpsins á Haga nýtur ekki lengur við á árinu 2008. Miðað við útkomuspá ársins 2007 munu útsvarstekjur dragast saman um 803 mkr. á árinu 2008. Áætlaðar útsvarstekjur ársins 2008 eru samtals 1.550 mkr. og er miðað við að reiknaður útsvarsgrunnur sveitarfélagsins hækki um 6%.

Varðandi fasteignaskattana þá er samkvæmt bráðabirgðaupplýsingum frá Fasteignamati ríkisins lagt til grundvallar að hækkun matsins verði 10% en jafnframt gerum við ráð fyrir fjölgun skattskyldra eigna um 5%.

Ástæða er til að vekja athygli á því að samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga skal innheimta allt að 0,5% fasteignaskatt af fasteignamati íbúðarhúsnæðis og lóðarréttinda. Áætlunin miðast við **0,35%** á árinu 2008, þ.e. 0.15 prósentustiga afslætti af því sem lögin gera ráð fyrir. Að auki væri sveitarstjórn heimilt að hækka álagningu í þessum flokki um allt að 25%. Ekki er tillaga um að fullnýta heimild til skattheimtu í þessum flokki hvað þá að beita heimildum til hækkunar.

Með lögum frá desember 2005 varð sú breyting að opinberar byggingar, sem undanþegar voru fasteignaskatti s.s. sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn urðu skattstofn. Innheimta skal 1.32% af fasteignamati þessara opinberu bygginga.

Skatthlutfall á atvinnuhúsnæði skal almennt vera **1,32%** en sveitarstjórn er heimilt að hækka álagninguna um allt að 25 hundraðshluta eins og á íbúðarhúsnæði. Gert er ráð fyrir lækka hlutfallið á árinu 2008 niður í 1%. Þar er m.a. horft til samræmingar við Alcoa Fjarðaál en í samningum við Alcoa Fjarðaál er ákvæði um að skatthlutfall fasteignaskatta sé 1%. Alcoa Fjarðaál byrjar að greiða fasteignaskatta í lok þessa árs og munu þær greiðslur auðvitað koma sveitarsjóðnum til góða til framtíðar og önnur fyrirtæki njóta góðs af því.

Heildarskatttekjur á næsta ári eru áætlaðar 1.981 mkr.

Tekjur gegnum jöfnunarsjóð sveitarfélaga eru áætlaðar svipaðar og á þessu ári eins og gerð er grein fyrir á forsendublaði, eða ríflega 268 mkr.

### Aðrar tekjur í A-hluta

Nettóaukning tekna í A-hluta er tæpar 32 mkr. Má þar helst nefna aukningu tekna í brunamálum og almannavörnum, hreinlætismálum og umferðar- og samgöngumálum. Þá aukast tekjur eigna- og tækjasjóðs vegna aukinna umsvifa. Hækkun gjaldskráa verður í samræmi við verðlagsbreytingar frá nóvember 2006 til nóvember 2007 eða um 5,2%. Hækkunin er almenn og nær m.a. til skólagjalda s.s. leikskóla-, tónskóla og skólasels. Einnig má nefna gjöld fyrir aðra selda þjónustu, s.s. afnotagjöld sundlauga, bókasafna, íþróttahúsa o.fl. Dýraaleyfisgjöld hækka umtalsvert og fara í 5.500 kr. fyrir ketti og 10.500 kr. fyrir hunda, sem þó dugir ekki til að standa undir útgjöldum við eftirlit með dýrahaldinu.

### Aðrar tekjur í B-hluta fyrirtækjum

Tekjur aukast nokkuð í B-hluta. Mest er tekjuaukningin í hafnarsjóði eða sem nemur 193 mkr. Má rekja tekjuaukninguna til starfsemi álversins og aukinna umsvifa í Mjóeyrarhöfn. Þá aukast tekjur hitaveitu um tæpar 13 mkr, Rafveitu um 25 mkr og fráveitu og vatnsveitu um rúmar 20 mkr.

### Annar rekstrarkostnaður í A-og B hluta

Samtals hækka gjöld samstæðu Fjarðabyggðar um ríflega 157 mkr. (nettó) á milli ára. Annar rekstrarkostnaður hækkar um tæpar 107 mkr. og afskriftir um tæpar 18 mkr

## Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld eru langstærsti útgjaldaliður bæjarsjóðsins. Þau hækka um 33 mkr nettó. Í öllum launaáætlunum er gert ráð fyrir almennri 3% hækkun launa. Í fræðslu og uppeldismálum er áætluð kostnaðarhækkun milli ára 35 mkr. Sérstakt tillit er tekið til hækkana á kennaralaunum samkvæmt kjarasamningi grunnskólakennara. Er hún reiknuð til 3% hækkunar umfram almenna hækkun.

Í umhverfismálum er gert ráð fyrir 5 stöðugildum í sértæk umhverfisverkefni og endurspeglast í því áherslan á verkefni tengd ásýnd og yfirbragði bæjarins eins og verið hefur.

Í þjónustumiðstöð er gert ráð fyrir lækkun launaútgjalda um um röskar 18 mkr. Má rekja það til færri starfa í þjónustumiðstöð og þess að ekki var ráðið í starf forstöðumanns þegar það losnaði á árinu.

Þá munu laun Fjarðabyggðarhafna hækka um rífar 7 mkr.vegna aukinna umsvifa í höfnunum.

## Ég vík þá að fjármagnsgjöldum

Fjármagnskostnaður hækkar um 66 millj. kr. frá útkomuspá ársins 2007. Annars vegar má rekja það til þess að verðbólga er allnokkur og gert er áð fyrir 2,5% gengislækkun krónunnar á árinu 2008.

**Afskriftir** hækka í takti við fjárfestingar eða um 17 mkr.

## Sjóðstreymi í A-hluta

Veltufé frá rekstri lækkar á milli ára sem skýrist aðallega af lakari rekstrarniðurstöðu. Afborganir lána aukast á milli ára í takti við vaxandi skuldir og eru áætlaðar 206 mkr. Fjárfestingar 2008 verða tæplega 293 mkr og ný lántaka upp á 227 mkr.

## Sjóðstreymi í A og B hluta (samstæðu)

Veltufé frá rekstri er áætlað 411 mkr og lækkar nokkuð frá árinu á undan.

Fjárfestingar eru áætlaðar 796 mkr, sala félagslegs húsnæðis upp á 120 mkr og annars húsnæðis uppá 26 mkr.

Áætlunin gerir ráð fyrir afborgunum lána uppá röska 431 mkr. Þar af eru húsnæðislán sem greidd eru upp við sölu á félagslegu húsnæði rúmlega 75 mkr.

Handbært fé í árslok 2007 er áætlað tæp 81 mkr.

Að lokinni þessari upptalningu er vert að hafa í huga að verða breytingar á frumvarpinu milli umræðna mun það leiða til breytinga á þessum tölum.

Góðir bæjarfulltrúar

Ég hef nú gert grein fyrir helstu tölum sem birtast í frumvarpi að fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar fyrir árið 2008 ásamt þeim forsendum sem að baki búa. Ég hlýt að leggja áherslu á að mikil óvissa er enn um íbúafjölda og tekjuspá markast af því. Við höfum kappkostað að vinna hana eftir bestu vitund en bæjarfulltrúar mega ekki ganga að því gruflandi að óvissan er heilmikil.

Formenn ráðanna sem fengu úthlutuð fjárhagsrömmum til ráðstöfunar á árinu 2008 taka nú boltann og gera grein fyrir starfsáætlunum hver á sínu sviði. Í starfsáætlunum sem dreift hefur verið geta

bæjarfulltrúar glöggvað sig á ýmsum lykilupplýsingum. Ég legg á það áherslu að þessu sinni erum við að prufukeyra verklag, sem vonandi festir sig í sessi og reynist okkur vel til framtíðar.